

## ✉ Re: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

Búið til	23.10.2020 11:18:28
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	23.10.2020 11:18:27
Tilheyrir	 202009-0036 - Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar

### Efni

Re: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

### Upplýsingar

Sent	23.10.2020 11:18:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	kristinnp@mos.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0036 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Mosfellsbæ, dags. 18. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011 – 2030.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og telur að í henni sé komið inn á flest þau atriði sem fjalla þarf um við frekari vinnslu á aðalskipulaginu og varða hlutverk Náttúrufræðistofnunar, má þar nefna t.d. framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár. Skipulagslýsing er að sjálfsögðu lýsing á því ferli sem er að hefjast og því ekki við því að búast að farið sé yfir ýmislegt sem skiptir máli s.s. viðmið í lögum til að ná tilsettum markmiðum. Hvað þetta varðar má t.d. nefna að í dag miða mörg sveitarfélög við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, HMSÞ, og er það vel. Hvað snertir hlutverk Náttúrufræðistofnunar, hvað varðar t.d. náttúruvernd, þá byggja HMSÞ í raun á ýmsum viðmiðum sem má finna t.d. lögum um náttúruvernd og ýmsum alþjóða samningum en mikilvægt að nýta þau viðmið sem þar eru og tapa ekki sýn á samspili ólíkra markmiða þegar kemur t.d. til aðgerða s.s. í loftslagsmálum og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi atriði sem nýta má við frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruvinnna (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna almennt*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætla er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Þeir alþjóða samningar sem helst þarf að skoða m.t.t. náttúruverndar eru samningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamningurinn og Ramsarsamningurinn. Skoða þarf að markmið þessara samninga hafa, að mis miklu leiti, verið tekin inn í lög um náttúruvernd. Sjá einnig <https://www.ni.is/stofnunin/althjodlegt-samstarf> (<https://www.ni.is/stofnunin/althjodlegt-samstarf>).

Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>), og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdáætlun eða B-hluta náttúruvinnjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal þó ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)

Kortasjá um jarðfræði Íslands má finna hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við strendur Íslands hér; Fjölrit um seli hér: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)), og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> (<https://www.ni.is/node/27206>) og valista fyrir spendýr má finna hér: <https://ni.is/node/27354> (<https://ni.is/node/27354>).

Yfirlit yfir valista almennt má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvernd og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekar athugasemdir á síðar stigum þessa máls verði þörf fyrir það.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**From:** "Kristinn Pálsson" <kristinnp@mos.is>

**To:** "Skipulagsstofnun" <skipulag@skipulag.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu" <ssh@ssh.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "gudmundurs@biskup.is" <gudmundurs@biskup.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "skogmos@internet.is" <skogmos@internet.is>; "skipulag@reykjavik.is" <skipulag@reykjavik.is>; "Skipulag@kopavogur.is" <Skipulag@kopavogur.is>; "skipulag@olfus.is" <skipulag@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "gogg@gogg.is" <gogg@gogg.is>

**CC:** "Anna Margrét Tómasdóttir" <annamargret@mos.is>; "Bjorn Gudbrandsson" <bjorn@ark.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>

**Subject:** Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

**Date:** 18.9.2020 14:28:00

### Skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem tók gildi 03.10.2013.

Lýsingin verður kynnt fyrir hagsmunaaðilum og íbúum sveitarfélagsins. Öllum verður gefið tækifæri til þess að skila inn umsögn eða athugasemd við lýsinguna. Lýsingin kynnir helstu viðfangsefni, forsendur og meginmarkmið væntanlegs aðalskipulags ásamt því að veita upplýsingar um samráðsferil, umsagnaraðila og tímasetningar helstu verkáfanga.

Skipulagslýsingin verður aðgengileg almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.mos.is/adalskipulag](http://www.mos.is/adalskipulag), en einnig á upplýsingatorgi við bókasafnið að Þverholti 2.

Athugasemdum má skila skriflega á bæjarskrifstofur, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, stílað á skipulagsnefnd Mosfellsbæjar eða rafrænt á netfangið [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is).

Frestur til þess að skila inn ábendingum og umsögnum er frá **19. september** til og með **23. október 2020**.

*Lýsing þessi verður bara send rafrænt nema óskað verði sérstaklega eftir öðru. Þeir sem ekki senda umsögn teljast ekki gera athugasemdir við erindið.*

*Óskað verður umsagna eftirtalinna aðila:*

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar Íslands
- Umhverfisstofnunar
- Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis
- Vegagerðarinnar
- Samgöngustofu

- *Kirkjugarðaráðs*
- *Aðliggjandi sveitarfélaga (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Sveitarfélagið Ölfuss, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur)*
- *Veðurstofu Íslands*
- *Veitna*
- *Landsnets*
- *Skógræktarfélags Mosfellsbæjar*
- *Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SSH)*

Með kveðju,

Kristinn Pálsson

Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími: 525 6700

*www.* (<http://www.mos.is/>)*mos* (<http://www.mos.is/>).*is* (<http://www.mos.is/>)

-----

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni – Umhyggja

*Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum* (<http://www.mos.is/forsida/trunadur>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)